

ekki og vildir ekki lána drottni eina \$5, án þess að taka fyrir því handskrift“.

Bróðir Rikáll fór að segja hitt og annað, en djákni tók fram í. „Þessi orð hæfa varla kristnum manni, en eg skal segja þér hvað eg skal gera. Fáðu mér dalina aftur og eg skal brenna þenna miða og svo segjum við ekkert um það meira“.


Að lokum fékk bróðir Rikáll honum dalina, en djákninn sefaði hann svolítið, talaði blítt við hann og sagði honum hversu drottinn elskaði þá sem gæfu af heilum huga.

En Burchester-fólkið spurði okkur oft eftir því hvernig við hefðum náð í dalina prestsins.

En við sögðum þeim ætíð drýgindalega, að fólkið í Marpleton kynni að telja skildingana, þó smápeningar væri.

En prestur gerði aldrei samskonar tilboð aftur. Að minsta kosti ekki svo framarlega sem eg hefi heyrt.

En hann var góður prestur og kröftugur prédikari.



## Leiðréttingar.



Í vísunum „Undir aðfall“, er orðamunur hjá okkur Heimi:

I. 4. erindi, 3. hending. Heimir kveður svo:

Og um *vorsins* eyði-strönd.

Eg kvað: Og um *versins* eyði-strönd.

III. síðasta er. 2. hend. Heimir kveður svo:

*Glymt* er upp á landi.

Eg kvað: *Geymt* er upp á landi.

Vinsaml.

*Stephan G. Stephansson.*

